

Ed.

705. Nefndarálit

[54. mál]

um frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá 2. minni hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur haft þetta frv. til skoðunar skamma hríð. Reynt hefur verið að fara yfir höfuðatriði þess og til þess kvaddir menn komið á fund nefndarinnar.

Engin ítarleg umfjöllun hefur átt sér stað og því síður að gefist hafi tími til að athuga einstakar umsagnir sem eru fjölmargar.

Harma ber hversu yfirborðskennd meðferð frv. er hjá nefndinni en ríkisstjórn rekur þar svo á eftir og tímaskortur orðinn slíkur vegna komandi sveitarstjórnarkosninga að með öllu er ógerningur að fjalla um og fara yfir frumvarpið svo að sæmandi sé.

Ljóst er að margt í frv. er til bóta varðandi starfsemi sveitarstjórna og skipulag sveitarstjórnarmála. Aðlögun að breyttum aðstæðum og nýjum tíma er vissulega á margan veg æskileg og margt er gert skýrara og skilvirkari framkvæmd ýmissa þátta tryggð. Þó er margt enn óunnið og óuppgerð og við sumt skilið í hreinu skötulíki svo sem nánar mun rakið í framsögu. Eina ákvæðið, sem virkilega knýr á um lagasetningu, er 18 ára kosningaaldur og kjörgengi en það var vitanlega kleift að gera með sérlögum þar um.

Gefist hefur verið upp á því að hafa sameiginlegan kjördag fyrir landið allt og ákvæði til bráðabirgða um skipan mála í vor er eitt dæmið um vandræðaganginn í kringum úrlausn mála. Afgreiðslan á sýslunefndunum og misvísandi ákvæði þar um er annað lýsandi dæmi um að hlaupið er frá raunhæfri úrlausn. Margyfirlýst ætlan ráðherra að sýna samhliða þessu frv. endurskoðað frv. um tekjustofna sveitarfélaga, sem er hin mesta nauðsyn, er bersýnilega að engu orðin. Af tekjustofnum og tekjumöguleikum sveitarfélaga ræðst þó hversu á verkefnum verður haldið en í engu bólar þar á breytingum sem tryggt gætu eðlilegri og heilbrigðari verkefnaskiptingu milli sveitarfélaga og ríkisvaldsins.

Gefist er upp við að taka á einföldustu breytingum eins og þeim sem varða lágmarksíbúafjölda í einstökum sveitarfélögum en þar skilið við þá tölu íbúa sem áður gitti og er fjarstæðukenndari nú en nokkru sinni áður.

Frumvarpið endurspeglar þó fyrst og síðast algera uppgjöf á uppstokkun stjórnsýslukerfis okkar. Sá vísir, sem var í upphaflegri gerð frv. um héraðsnefndir og hlutverk þeirra, er horfinn en þó vísað á óskilgreindar héraðsnefndir í endanlegri gerð. Enn fremur eru óljós og þokukennd ákvæði um byggðasamlög sem í raun rúmast innan núgildandi laga um samstarf og samvinnu sveitarfélaga um ákveðin, tiltekin verkefni.

Aðalástæðan fyrir ófullkominni gerð þessa frv., eins og það nú liggur fyrir, felst að sjálfsgöðu í því að ekki er gerð tilraun til að festa í sessi eitthvert millistig í stjórnsýslunni sem fyrst og fremst ætti að þjóna því hlutverki að taka við valdi og verkefnum frá ríkisvaldinu, flytja vald, verkefni og fjármagn um leið nær fólkinu í héraði. Um þetta eru vissulega deildar meiningar en varðandi þann ágreining var einmitt skylt að kanna hvort hann mætti leysa í tengslum við þetta frumvarp. Undirritaður dregur enga dul á þá skoðun sína að hér sé um brýnasta verkefnið að ræða sem finna þarf eðlilegan farveg til aukinnar sjálfsstjórnar héraða, til beinnar valddreifingar, til tryggingar því að fjármagnið verði sem mest eftir heima í héraði þar sem uppspretta þess er og landsbyggðin í heild megi njóta í stórauðnum mæli arðsins af þeirri miklu verðmætasköpun sem þar fer fram.

Þetta verkefni virðist víðs fjarri núverandi stjórnarflokkum enda miðar öll stefna þeirra að því að færa arðinn af erfiði vinnandi fólks, einkum á landsbyggðinni, yfir í himingnæfandi hallir milliliðaaauðvaldsins á höfuðborgarsvæðinu.

Auðskilinn er því sá vilji núverandi valdhafa að hrófla ekki í neinu við misskiptingu þeirri, sem nú ríkir, og þverrandi valdi og möguleikum landsbyggðarinnar að ná sjálfsgöðum og eðlilegum rétti sínum. Allt sem þar gæti til varnar orðið er með öllu þurrkað út úr þessu frumvarpi, svo sem áður er greint frá.

Lýðræðisleg uppbygging byggðasamlaga og héraðsnefnda (ef af þeim verður), þar sem réttur minni hlutans væri tryggður, er vitanlega heldur ekki í öndvegi hjá þeim sem hér ráða ferð og til þess að freista þess að rétta hlut hans er flutt sérstök breytingartillaga, samhljóða þeirri sem Steingrímur J. Sigfússon flutti í neðri deild.

Undirritaður telur aðrar breytingartillögur ekki þjóna tilgangi nú þó að gjarnan mætti flytja þær margar til lagfæringar og áréttingar. En stjórnarliðið í neðri deild hefur séð til þess að það hefur enga þýðingu nú á lokastigi. Að sjálfsgöðu styður undirritaður eðlilega tillögu

um fjölgun fulltrúa í borgarstjórn Reykjavíkur en ljóst er að þar hefur Framsóknarflokkurinn beygt sig fyrir borgarstjórnarhaldinu þó að einstakir þingmenn í þessari deild muni uppréttir ganga. Á það mun því látið reyna.

Sem þröng og einangruð löggjöf um sveitarstjórnarmálin ein og framkvæmd þeirra er frv. þetta um margt til verulegra bóta en aðalverkefnið, sem nú knýr á í allri stjórnsýslu okkar, er algerlega skilið eftir.

Undirritaður hlýtur að styðja meginatriði frumvarpsins svo langt sem þau ná. Hins vegar telur hann frumvarpið í heild, og það sem þar skortir á, öllu fremur þess eðlis að útilokað sé að veita því atfylgi sem væntanlegum heildarlögum um þessi mál um ófyrirsjáanlega framtíð.

Höfuðáherslu verður að leggja á áframhaldandi endurskoðun í átt til aukinnar nýskipunar. Breyta verður verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og endurskoða tekjustofna sveitarfélaga um leið. Síðast en ekki síst verður að ná víðtæku samkomulagi um að færa verkefni, vald og fjármagn heim í héruðin með skilvirkum hætti.

Í öllu því mikla starfi skilar þetta frumvarp okkur undraskammt fram á veginn.

Alþingi, 1. apríl 1986.

Helgi Seljan.